

í hjeraði, en með því að dráttur þessi virðist nokkurn veginn nægilega rjettlættur af hjeraðsdómaranum, verður hann eigi látinn sæta ábyrgð fyrir hann. Að öðru leyti hefur meðferð hjeraðsdómarans á málinu verið vítalaus, og málsfærslan við yfirdóminn hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Aukarjettardómurinn á að vera óraskaður. Hinn ákærði, Vilhjálmur Ingimagnsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málfutningskaup til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málsfærslumanns Eggerts Briem og cand. juris Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Dómi þessum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 11. febrúarmánaðar.

Nr. 55/1893:

Rjettvísín

gegn

Pjetri Nielssyni,

Steinvöru Einarsdóttur o. fl.

Dómur:

Mál þetta er höfðað gegn hinum ákærða fyrir þjófnað og hlutdeild í þjófnaði og fyrir ólögmæta meðferð á fundnum fjármunum eða fjármunum komnum í vörzlur þeirra eða þvillikum afbrotum, en hvað Ólaf Eiríksson snertir fyrir rangan vitnis-

burð fyrir rjetti, og var málið dæmt í aukarjetti Rangárvallasýslu 20. febr. 1893 þannig, að Pjetur Nielsson og Guðmundur Guðmundsson skyldu sæta 10 mánaða betrunarhússvinnu hvor þeirra, Steinvör Einarasdóttir 4 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð, Finnur Sigurfinnsson 2 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð, Árni Björnsson og Árni Magnússon 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi hvor þeirra, Jón Einarsson á Eyvindarhólum, Jóhannes Símonarson, Ingvar Pálsson og Kort Hjörleifsson fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 8 daga hver þeirra, Þorsteinn Jónsson einföldu fangelsi í 8 daga, Sigurður Ólafsson, Jón Einarsson á Miðbælisbökkum, Jón Stefánsson, Þorsteinn Magnússon (nafn hans hefur gleymzt í niðurlagi hins áfrýjaða dóms), Sveinn Sveinsson, Ólafur Eiríksson og Sigurður Jónsson greiða 20 kr. sekt í landssjóð hver, eða til vara sæta 6 daga einföldu fangelsi; Margrjet Ögmundsdóttir og Eyjólfur Hafliðason skyldu greiða 8 kr. sekt í landssjóð hvort, eða til vara sæta einföldu fangelsi í 3 daga. Að því er málskostnað áhrærir skyldu þau Pjetur Nielsson, Steinvör Einarasdóttir, Finnur Sigurfinnsson, Árni Björnsson, Sveinn Sveinsson og Sigurður Jónsson greiða in solidum málsvarnarlaun til alþingismanns Sighvats Árnasonar 15 krónur, Jón Einarsson á Eyvindarhólum greiða málsvarnarlaun Þorvaldi bónda Bjarnarsyni 5 krónur, og Árni Magnússon, Þorsteinn Jónsson, Margrjet Ögmundsdóttir, Þorsteinn Magnússon, Jón Stefánsson, Guð-

mundur Guðmundsson, Jón Einarsson á Miðbælisbökkum og Sigurður Ólafsson greiða in solidum málsvarnarlaun til oddvita Sigurðar Halldórssonar 10 krónur. Allan annan kostnað, er löglega hefur leitt af málinu, skyldu þeir Pjetur Nielsson, Steinvör Einaradóttir, Jón Einarsson á Eyvindarhólum, Jóhannes Símonarson og Sigurður Ólafsson greiða in solidum að $\frac{3}{8}$ hlutum, Finnur Sigurfinnsson, Árni Björnsson, Árni Magnússon, Jón Einarsson á Miðbælisbökkum, Margrjet Ögmundadóttir, Jón Stefánsson, Þorsteinn Magnússon, Þorsteinn Jónsson og Sveinn Sveinsson in solidum að $\frac{1}{4}$, og Ingvar Pálsson, Kort Hjörleifsson, Ólafur Eiríksson, Eyjólfur Hafliðason, Guðmundur Guðmundsson og Sigurður Jónsson in solidum að $\frac{3}{8}$ hlutum.

Dómi þessum hafa hinir dómfeldu allir nema Jóhannes Símonarson óskað áfrýjað til æðri rjettar, en honum er að því þá alla snertir skotið til yfirdómsins af hálfu hins opinbera.

Mál þetta hófst með því í nóvembermánuði 1890, að rannsókn var hafin út af orðrómi um þjófnað á brekánnum tveim, en við þá rannsókn komu í ljós fleiri þjófnaðarbrot og sjerstaklega ýmisleg ólögmaet hirðing á rekavið af hendi leiguliða og annara á fjörum í Austur-Eyjafjallahreppi, svo að málið smátt og smátt færðist svo út, að það tók yfir alla hina ákærðu. Afbrotum þeirra hvers fyrir sig er nú svo varið, sem nú skal greina:

Með eigin játningu og öðrum upplýsingum er það sannað um *Pjetur Nielsson*, að haustið 1887

og næstu árin þar á undan, tók hann með ófrjálsu 4 kindur, er nafngreindir menn áttu, og sem komnar voru saman við fje hans, slátraði þeim og hagnýtti sjer, og hjálpaði bústýra hans, hin meðákærða Steinvör Einarsdóttir, honum til að handsama kindurnar og skera þær og hagnýta sjer þær. Árið 1889 stal hann brekáni af saltfisksstakka á Hrauni í Grindavík, og sama ár boldangspoka á túninu á Hjörleifshöfða í Skaptafells-sýslu svo og 2 lausum fjölum af timbri úr Eyvindarhólakirkju. Árið áður stal hann af frönsku skipi, sem strandaði undir Eyjafjöllum, meðan verið var að skipa upp úr því, frönskum hnifi, olulampa og sápushykki, virtu alls á 1 kr. 58 a., og hefur því ásamt brekáninu og boldangspokanum verið skilað aptur rjettum hlutadeigendum. Um 1885 tók Pjetur leyfislaust ásamt meðákærða Jóni Einarssyni á Eyvindarhólum sjórekinn planka 5 álna langan af Ytri-Skógafjöru, sem þeir áttu hvorugur neitt tilkall til reka af, skiptu honum á milli sín og hagnýttu sjer. Af Eyvindarhólafjöru átti ákærði sem leiguliði rjett til $\frac{1}{6}$ af leiguliðagagni, sem var talið sivalar spýtur allt að 3 álna langar, en hann átti að hirða annan reka fyrir landsdrottinn ásamt hinum leiguliðunum á eigninni. Samt sem áður hefur hann dregið undir sig ein-samall af því er landsdrottinn bar af fjörunni síðan 1880 2 planka og 2 plankabrot og ásamt nefndum Jóni Einarssyni 1 planka og 2 plankabrot. Svo hirti hann og um 1888 af Eyvindarhólafjöru helm-ing af þorskreka (22 þorskum), er hann og Jón

fundu á fjörinni og skiptu með sjer, þó að þeir könnuðust við, að landsdrottinn hefði borið slíkur reki, en Jón hafði leyfi fyrir sínum hluta, en Pjetur eigi.

Með eigin játningu hinnar ákærðu, *Steinvarar Einarsdóttur*, bústýru Pjeturs Nielssonar, og öðrum skýrslum er það sannað, að hún var í samráði með honum að taka kindur þær 4, er fyr eru nefndar, og hjálpaði honum til að skera þær og nýta sjer þær. Svo tók hún og við af honum franska hnífnum, sáputykkinu, lampanum og fjöllum af kirkjutimbrinu, þótt hún vissi, hvernig það væri fengið. Enn fremur tók hin ákærða við ádurnefndum þorskum hjá meðákærða Pjetri, og hagtærði þeim, þótt hún vissi að þeir væru ófrjálisir.

Með eigin játningu hins ákærða *Jóns Einarssonar* á Eyvindarhólum og öðrum upplýsingum er það sannað, að 1885 tók hann leyfislaust á Ytri-Skógafjöru í fjelagi með meðákærða Pjetri Nielsyni sjórekinn planka 5 álna, er þeir skiptu með sjer, og af reka á Eyvindarhólafjöru tóku þeir í sameiningu 1 planku og 2 plankabrot, er þeir áttu að skila landsdrottinni, en Jón bjó sem leiguliði á $\frac{1}{2}$ Eyvindarhólaeigninni og átti að sjá um reka á fjörinni fyrir landsdrottinn ásamt Pjetri og hinum leiguliðunum. Á sömu fjöru hirtu þeir Pjetur einnig um 1886 6 dekkspanka og skiptu þeim milli sín, en þar sem Pjetur tjáist hafa fengið leyfi landsdrottins fyrir sínum hluta af plönkunum, fjekk Jón ekkert slíkt leyfi. Um 1883 tók á-

kærði ásamt meðákærða Jóhannesi Simonarsyni rekatrje 5—6 álna langt á Hrútafellsfjöru, er þeir áttu engan rjett til reka af; mættu þeir, er af fjöruuni kom, meðákærða Sigurði Ólafssyni leigu liða á Hrútafellskotu, en undir það lá $\frac{1}{8}$ af reka á Hrútafellsfjöru, og skiptu þeir þá allir eptir samkomulagi trjenu milli sín til þriðjunga.

Um hinn ákærða *Jóhannes Simonarson* er það með eigin játningu hans og öðrum skýrslum í málinu sannað, að hann var í verki með hinum ákærða Jóni Einarssyni að taka trje það af Hrútafellsfjöru, er nú var getið og þeir skiptu til þriðjunga með hinum ákærða Sigurði Ólafssyni. Hann var leiguliði á $\frac{1}{6}$ Eyvindarhólalæignarinnar og átti að hirða reka af Eyvindarhólafjöru fyrir landsdrottinn, en dró undir sig af honum um 1885 slá rúmlega 3 álna langa og aðra slá um 6 álna í fjelagi við meðákærða Jón Einarsson á Eyvindarhólum. Milli 1870 og 1880 fann hann og á fjörunni hálfanker tómt, er hann tók til sín, án þess að lýsa því.

Hinn ákærði *Sigurður Ólafsson* hefur kannast við, að hann hafi dregið undir sig $\frac{1}{8}$ af trje því af Hrútafellsfjöru, er fyr er getið, í fjelagi með ákærðu, Jóni Einarssyni og Jóhannesi Simonarsyni, og farið með leynd að öllu, til þess að adrir rekaeigendur, sem áttu rjett til að fá hlut í trjenu, eigi vissu um það, en hann eða faðir hans áttu að eins rjett til $\frac{1}{8}$ af reka á fjörunni.

Það er með eigin játningu hins ákærða *Finns Sigurfinnssonar* og öðrum skýrslum í málinu lög-

lega sannað, að vorið 1889 stal hann brekani í Þorlákshöfn, sem hann þó skilaði eigandanum aptur haustið eptir, er gengið var eptir því hjá honum. Af reka tók hann 1885 með ófrjálsu á Miðbælisfjöru, þar sem hann átti ekkert í reka, spýtu rúmlega 3 álna langa, og af sömu fjöru tók hann aðra spýtu 1887, 3 álna langa, ásamt meðákærða Guðmundi Guðmundssyni, og enn tók hann 1888 slá um 4 álna langa af sömu fjöru, og var þá með honum í verki meðákærði Árni Björnsson. Fyrir hirðing á spýtu, liðugar 3 álnir á lengd, er meðákærði Árni Magnússon eptirljet ákærða af Miðbælisfjöru um 1887 virðist ákærða eigi verða refsað, þar sem Árni Magnússon átti rjett til $\frac{1}{6}$ af öllum reka á fjörunni, og ekkert er upplýst um, að ákærði vissi eða álití, að hann ætti ekki með að gefa spýtuna. Þá hirti og ákærði þorska nokkra (11), er hann fann á Yztabælisfjöru 1889, þar sem hann gekk um sem leiguliði, og tók hann þá til sín, þótt hann, eptir því sem hann hefur kannast við, álití, að hann ætti að skila þeim landsdrottni samkvæmt ábúðarskilmálum hans.

Með eigin játningu hins ákærða *Árna Björnssonar* á Minniborg og öðrum skýrslum í málinu er það sannað, að 1888 tók hann með meðákærða Finni Sigurfinnssyni 4 álna slá af Miðbælisfjöru, þar sem þeir hvorugur áttu neitt rekatilkall, og mörgum árum áður tók Árni einn með ófrjálsu af sömu fjöru planka um 3 álnir og slá 5—6 álna. Um 1885 dró hann undir sig af Borgarfjöru 4 álna

rekatrje, sem hann sem leiguliði átti að hirða fyrir landsdrottinn og skila honum. Veturinn 1889—90 var hann hjálplegur hinum meðákærða Árna Magnússyni og Þorsteini Magnússyni, er báðir áttu nokkurn rjett til reka á Miðbælisfjöru, Árni til $\frac{1}{6}$ og Þorsteinn fyrir hönd húsbónda síns til $\frac{1}{12}$, með að draga undir sig af Miðbælisfjöru á bak við aðra rekæigendur trje rúmar 12 álnir á lengd og nokkru síðar spýtu 4 álna, og fjeck hinn ákærði þriðjung af trjenu, en sleppti sínum hluta í spýtunni við Þorstein handa húsbónda hans. Árið 1880 hjálpaði ákærði sama Árna Magnússyni til að draga undir sig á bak við aðra rekæigendur 5—6 álna planka af Miðbælisfjöru og fjeck helming af, og 1887 fjeck hann einnig hjá sama helming af spýtu 4—5 álna langri, er hann fann á Miðbælisfjöru og flutti heim til Árna ásamt vinnumanni hans, hinum meðákærða Jóni Einarssyni á Miðbælisbökkum.

Með eigin játningu hins ákærða *Árna Magnússonar* og öðrum skýrslum í málinu er það sannað, að veturinn 1889—90 dró hann undir sig af Miðbælisfjöru, þar sem hann átti $\frac{1}{6}$ af reka, ásamt meðákærða Þorsteini Magnússyni, er átti $\frac{1}{12}$ af reka á fjörunni, og meðákærða Árna Björnssyni, trje um 12 álnir á lengd og nokkru síðar spýtu 4 álnir á lengd, sem þeir skiptu allir þrír millí sín á bak við aðra rekæigendur. Um 1880 dró hann og undir sig með meðákærða Árna Björnssyni af sömu fjöru planka 5—6 álna, sem þeir skiptu með sjer, og 1887 enn fremur spýtu 4—5.

álna, er Árni Björnsson hafði flutt heim af sömu fjöru með vinnumanni ákærða, og ljet ákærði Árna Björnsson fá helming spýttunnar. Á sama hátt ljet hann meðákærða Finn Sigurfinnsson 1887 fá spýtu sívala um 3 álna, er þeir fundu saman á Miðbælisfjöru. Veturinn 1889 rak um 70—80 þorska á Miðbælisfjöru, og hirti hinn ákærði, þó að hann ætti að eins, eins og fyr er sagt, $\frac{1}{6}$ af reka á fjör-
unni, allan þorskinn, nema hvað hann ljet aðra landeigendur, er fiskrekann áttu eptir skýrslu hans, fá 24 þorska. Af hinu ljet hann 20 þorska fyrir hjálp að hirða rekann, en hagnýtti sjer það sem eptir var.

Það er sannað með játningu hinnar ákærðu *Margrjetar Ögmundsdóttur*, að hún vissi að landhlaupsfiskur sá, sem maður hennar, hinn ákærði Árni Magnússon, ljet flytja heim til hennar, var ekki hans eign að öllu leyti, og notaði hún hann þó til heimilisparfa.

Með eigin játningu hins ákærða *Jóns Einarssonar* á Miðbælisbökkum, vinnumanns hins ákærða Árna Magnússonar, er það og sannað, að hann hjálpaði húsbónda sinum til að flytja heim umgetinn landhlaupsfisk, og lagði launung á fiskfenginn, þótt hann vissi, að húsbóndi hans átti hann eigi allan. Svo tók hann og af Miðbælisfjöru 1887 ásamt meðákærða Árna Björnssyni spýtu, 4—5 álna, og flutti heim í því skyni, að þeir Árni og húsbóndi hans drægju hana undir sig, eins og þeir einnig gjörðu.

Um hinn ákærða *Jón Stefánsson* verður þar á móti eigi sjeð, að hann hafi gjört sig sekan í neinu refsingarverðu athæfi, þótt hann hjálpaði ákærða Árna Magnússyni til að týna saman landhlaupsfiskinn af fjörunni og flytja hann heim, og fengi nokkra þorska fyrir handa húsbónda sínum, og það er eigi sannað í málinu, að hann hafi lagt launung á þorskfundinn eða vitað um nokkra óráðvendni í meðferð hans. Það verður því að sýkna hann fyrir ákæru sóknarans.

Með eigin játningu hins ákærða *Þorsteins Magnússonar* og öðrum skýrslum í málinu er það sannað, að veturinn 1889—90 tók hann með hinum ákærða Árna Björnssyni og Árna Magnússyni á Miðbælisfjöru trje um 12 álna langt og nokkru síðar spýtu um 4 álna, og drógu þeir við þennan undir sig á bak við aðra rekæigendur, og skiptu trjenu á milli sín, en spýtuna fjeck húsbóndi Þorsteins, meðákærði Þorsteinn Jónsson, alla. Um 1885 tók Þorsteinn handa húsbónda sínum af sömu fjöru bak við aðra rekæigendur planka um 5 álna langan. Hinn ákærði *Þorsteinn Jónsson* hefur kannazt við að hafa fengið spýtur þær, er ákærði Þorsteinn Magnússon samkvæmt framan-sögðu tók með ófrjálsu, og vissi hann hvernig þær voru fengnar, en hagnýtti sjer þær samt sem áður.

Með eigin játningu hins ákærða *Sveins Sveinsonar* og öðrum skýrslum í málinu er það sannað, að vorið 1890 tók hann til sín, án þess að gjöra öðrum rekæigendum nokkur skil fyrir, slá af Mið-

bælisfjör, 3—4 álna að lengd, er hann hagnýtti sjer. Hann hafði rjett til að hirða $\frac{7}{30}$ hluta reka af Miðbælisfjör.

Hinn ákærði *Kort Hjörleifsson* átti rjett til $\frac{1}{5}$ af reka á Berjanefjör, en með eigin játningu hans og öðrum skýrslum í málinu er það sannað, að hann hefur, án þess til skipta kæmi með öðrum rekæigendum, dregið undir sig einan af Berjanefjör fyrir nokkrum árum 4 álna spýtu og um sama leyti spýtu liðugar 3 álnir, enn fremur veturinn 1889—90 rekastaur um 4 álna, sem hann flutti heim með stjúpsyni sínum, hinum meðákærða Ingvari Pálssyni, og sama vetur 3 rekstaura, sem hann flutti heim með Ingvari; voru þeir 3—5 álnir á lengd og áleit ákærði þá vera rekna á þrætu-landi milli Steina og Berjaness. Ásamt meðákærða Guðmundi Guðmundssyni dró ákærði undir sig um 1885 tvo rekstaura 3—4 álna, er voru annar á Berjanefjör, en hinn á fjörumörkum milli Berjaness og Yztabælis. Loks tók ákærði við og hagnýtti sjer spýtu um 3 álna, er stjúpsonur hans Ingvar tók af Berjanessfjör veturinn 1889—90 og sömuleiðis helming af rekastaur um 4 álna, er Ingvar og meðákærði Eyjólfur Hafliðason komu sama vetur með af Steinafjör, en ákærði Kort tjáist eigi hafa vitað, af hverri fjör það trje var tekið.

Hinir ákærðu *Ingvar Pálsson* og *Eyjólfur Hafliðason* hafa kannazt við að hafa tekið síðastnefnt trje af Steinafjör, þó að þeir vissu, að húsbændur þeirra ættu ekkert í reka þar, og gekk helmingur trjesins til ákærða Korts Hjörleifssonar, eins

og sagt hefur verið, en hinn helmíngurinn til hús-
bónda Eyjólf, er ætlaði að trjød hefði verið tekið
á Berjanesfjörðu og fjekk leyfi fyrir sínum hluta
í þeirri ímyndun. Svo hefur og Ingvar kannast
við að hafa tekið handa stjúpfoður sínum eða
hjálpað honum til að draga undir sig spýtur þær,
er Ingvar hjer á undan hefur verið taliun bendl-
aður við töku á.

Það er með eigin játningu hins ákærða, *Gud-
mundar Gudmundssonar*, og öðrum skýrslum í mál-
inu sannað, að fyrir 22 árum tók hann um vor-
eptir fráferur lamb, er Vilborg nokkur Bjarna-
dóttir á Horni átti, og markaði sjer það, en um
haustið, er lambið kom af heiði, kom upp grunur
um, að lambið væri eigi eign ákærða, og var það
þá tekið af honum af hreppstjóra og fengið eigand-
anum. Meðan á rannsókn þessa máls stóð, fannst
hjá ákærða lamb, sem eigi var með marki hans.
Kveðst ákærði hafa haft lambið með sjer úr rjett-
unum haustið 1890 og ætlað, að það væri sitt, en
síðar sjeð, að svo var eigi og ætlað þó að halda
því, ef enginn kallaði eptir því. Þessi sögusögn
ákærða verður þó eigi tekin trúanleg eptir því
sem að öðru leyti er fram komið í málinu, þar á
meðal þegar litið er á það, að markið á lambinu
er ekkert líkt marki ákærða, og að ákærði því
ekki gat álitid, að markið á því lægi næst sínu
marki, eins og hann hefur borið. Það verður því
að álíta sannað, að ákærði hafi þegar í upphafi
ætlað sjer að stela lambinu, er hann tók það í
rjettunum. Hinn ákærði hafði sem leiguliði að eins

rjett til að taka til sín af Yztabælisfjöru $\frac{1}{4}$ af smáreka eða sívölum rekaspýtum 3 álna og þar undir, en þó dró hann undir sig einan af þeirri fjöru veturinn 1889—90, án þess að skila rekaeigendum, sem hann virðist hafa átt að gæta rekans fyrir, stöng rúmlega 6 álna og 1888 eikarslá um 3 álna, enn fremur fyr nefndan vetur 6 álna spýtu, er drengur hjá honum kom með af sömu fjöru, en sem ákærði kveðst eigi hafa vitað, af hvaða fjöru var tekin. Fyrir liðugum 10 árum færði og dóttir ákærða honum planku $3\frac{1}{2}$ al. sjórekinn, er ákærði tók undir sig, án þess að grennslast frekara eptir, hvaðan spýtan var. Veturinn 1889—90 tók ákærði með ófrjálsu af Berjanessfjöru, sem hann átti ekkert í, trje nær 6 álna, og um 1885 af Miðbælisfjöru, þar sem hann heldur ekki átti neinn rjett til reka, rekatrje 4 álna og annað $2\frac{1}{2}$ al. Sama ár tók hann með ákærða Kort Hjörleifssyni af fjöru 2 rekastaura, 3—4 álna, annan á Berjanessfjöru, þar sem Kort átti nokkurn rjett til reka, en hinn á fjörumörkum milli Berjaness og Yztabælis. Um 1887 tók hann með ákærða Finni Sigurfinnssyni af Miðbælisfjöru, þar sem hvorugur átti nokkurn rjett til reka, staur um 3 álna, sem Guðmundur eptirljet Finni. Um 1888 ljet ákærði taka af Miðbælisfjöru dauðan sel, sem hann hagnýtti sjer. Hinn ákærði *Sigurður Jónsson* hefur kannazt við að hafa sótt selinn fyrir Guðmund af fjörunni og að hafa selt af selnum húðina í Vestmannaeyjum, en kveðst hafa gjört hvorttveggja eptir skipun húsbónda síns, og hafi

hann eigi vitað, hvort selurinn var á Miðbælisfjöru eða Yztabælisfjöru. Þar sem því eigi er sannað, að ákærði hafi vitað, að neitt væri ólöglegt við töku selsins af fjörunni, þykir ekki eiga að refsa honum fyrir þessa hluttekning sína, og hið sama virðist eiga að vera niðurstaðan um rekaslá, er húsbóndi hans ljét hann sækja af Yztabælisfjöru um 1888, því að húsbóndi hans átti eða mátti, eptir því sem fyr er sagt, taka reka af Yztabælisfjöru í sínar vörzlur, þó að hann ætti að skila af honum því, er öðrum bar. Það verður því að sýkna ákærða fyrir ákæru sóknarans í máli þessu.

Hinum ákærða *Ólafi Eiríkssyni* er gefið að sök, að hann hafi látið hjá líða að segja það, er hann vissi málinu til skýringar, og sjerstaklega, að hann hafi eigi þótzt vita til, að neinar rekaspýtur hefðu komið heim að heimili hans, þótt hann kannaðist síðar við að hafa vitað það. Undirdómarinn hefur vottað að það geti verið, að ákærði hafi borið þannig af athugaleysi eða í ógáti, en auk þess virðast prófin yfir honum gefa fulla ástæðu til að ætla, að hann hafi mátt líta svo á, sem hann væri fyrir rjetti sem grunaður um hlutdeild í fjöruþjófnaðinum, fremur en sem vitni, og verður honum því eigi refsað fyrir framburð sinn, sem hann eigi var látinn eiðfesta, sbr. 148. gr. hegningarlaganna, 1. málslíð.

Landshöfðinginn yfir Íslandi hefur að gefnu tilefni eigi fundið ástæðu til að láta málssókn niður falla út af afbrotum þeim, sem hjer á undan

hafa talin verið, og sem annaðhvort hafa verið framin fyrir 10 árum eða sem óvíst er um, nær drýgð voru.

Öll hin ákærðu eru komin yfir lögaldur sakamanna, og hefur ekkert þeirra verið dæmt eða sætt ákæru fyrir neitt lagabrot, að því undan teknu, að Kort Hjörleifsson var með stiptamtsúrskurði árið 1861 sektaður um 12 ríkisdali fyrir hörbrot.

Afbrot Pjeturs Nielssonar heyra undir 230., 249., 250. og 259. gr. sbr. 48. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869, og er refsing hans samkvæmt 63. gr. sömu laga hæfilega ákveðin betrunarhússvinna í 10 mánuði.

Afbrot Steinvarar Einarasdóttur heyra undir 240. gr., 250. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 48. gr. og 259. gr. sömu laga, sbr. 56. gr. og ákveðst hegning hennar samkvæmt 63. gr. 4 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð.

Afbrot Jóns Einarssonar á Eyvindarhólum heyra undir 249. og 259. sbr. 48. gr. alm. hegningarlaga, og er hegning hans samkvæmt 63. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 8 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Afbrot Jóhannesar Símonarsonar heyra undir 249. og 259. sbr. 48. gr. alm. hegningarlaga, og ákveðst refsing hans samkvæmt 63. gr. sömu laga 8 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Afbrot Sigurðar Ólafssonar heyrir undir 249. gr. hegningarlaganna, og ákveðst hegning hans 5 kr. sekt eða til vara 2 daga einfalt fangelsi.

Afbrot Finns Sigurfinnssonar heyra undir 230., 249. og 259. gr. hegningarlaganna og ákveðst refsing hans samkvæmt 63. gr. sömu laga 2 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð.

Afbrot Árna Björnssonar heyra undir 249. sbr. 48. gr. og 259. sbr. að nokkru leyti 56. gr. hegningarlaganna, og þykir hegning hans samkvæmt 63. gr. sömu laga hæfilega metin 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Afbrot Árna Magnússonar heyra undir 259. gr. og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 25 kr. sekt eða til vara 8 daga einfalt fangelsi.

Afbrot Margrjetar Ögmundsdóttur heyrir undir 259. sbr. 56. gr. hegningarlaganna, og ákveðst hegning hennar 5 kr. sekt eða til vara 2 daga einfalt fangelsi.

Afbrot Jóns Einarssonar á Miðbælisbökkum heyra undir 259. sbr. 56. gr. hegningarlaganna, og ákveðst hegning hans 10 kr. sekt eða til vara 3 daga einfalt fangelsi.

Afbrot Þorsteins Magnússonar heyra undir 259. gr. hegningarlaganna, og ákveðst hegningin fyrir þau 20 kr. sekt eða til vara 6 daga einfalt fangelsi.

Hegning Þorsteins Jónssonar ákveðst og samkvæmt 259. gr. hegningarlaganna 20 kr. sekt eða til vara 6 daga einfalt fangelsi.

Afbrot Sveins Sveinssonar heyrir undir 259. gr. hegningarlaganna, og ákveðst refsing hans 5 kr. sekt eða til vara 2 daga einfalt fangelsi.

Afbrot Korts Hjörleifssonar heyra undir 259. sbr. 48. gr. hegningarlaganna, og ákveðst hegning hans samkvæmt 63. gr. sömu laga 8 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Afbrot Ingvars Pálssonar heyra undir 249. og 259. sbr. 48. gr. hegningarlaganna, og ákveðst hegning hans 8 daga fangelsi við venjulegt fanga-
viðurværi.

Afbrot Eyjólfss Hafliðasonar heyrir undir 249. gr. sbr. 48. gr. hegningarlaganna, og er hegning hans hæfilega metin 10 kr. sekt eða til vara 3 daga einfalt fangelsi.

Afbrot Guðmundar Guðmundssonar heyra undir 231., 249. og 259. sbr. 48. gr. hegningarlaganna, og ákveðst refsing hans 10 mánaða betrunarhússvinna.

Hina ákærðu Jón Stefánsson, Ólaf Eiríksson og Sigurð Jónsson ber samkvæmt framansögðu að dæma sýkna fyrir ákæru sóknarans í máli þessu, en rjett þykir þó, að þeir taki þátt í málskostnaðargreiðslu.

Iðgjalda hefur eigi verið krafizt af neinum, og verða þau því eigi dæmd í máli þessu.

Yfirdómurinn fellst á ákvæði undirdómsins um málskostnaðargreiðslu, og ber hinum ákærðu, eptir sama hlutfalli og þar er ákveðið um greiðslu annars málskostnaðar en málsfærslukaups, að greiða einnig kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 25 kr. til hvors þeirra.

Um rekstur málsins í hjeradi skal það tekið fram, að málið hefur staðið mjög lengi yfir, en undirdómarinn þykir hafa nokkurn veginn rjettlætt þann drátt, sjerstaklega þegar litið er til þess, hve umfangsmikið mál þetta hefur orðið. Að því er meðferð málsins að öðru leyti snertir, hafa verið lögð fram fyrir yfirdóminn kæruskjöl frá nokkrum af hinum ákærðu, þar sem þeir bera sig upp undan því, að undirdómarinn hafi beitt við þá ólöglegri hörku við rannsókn málsins, sjerstaklega með því að halda þeim í gæzluvarðhaldi um lög fram, en yfirdómurinn getur eigi sjeð af skjölum málsins, að kærur þessar hafi við nokkur rök að styðjast, og með því að eigi þykir rjett, að málið dragist lengur en orðið er fyrir kærur þessar, verður rjetturinn að vísa þeim frá sjer. Málsfærslan við yfirdóminn hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinir ákærðu Pjetur Nielsson og Guðmundur Guðmundsson eiga að sæta betrunarhússvinnu í 10 mánuði; Steinvör Einarsdóttir sæti fangelsi við vatn og brauð í 4 × 5 daga, og Finnur Sigurfinnsson samskonar fangelsi í 2 × 5 daga; Árni Björnsson sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 10 daga og Jón Einarsson á Eyvindarhólum, Jóhannes Símonarson, Kort Hjörleifsson og Ingvar Pálsson 8 daga samskonar fangelsi. Árni Magnússon greiði 25 kr. sekt til landssjóðs eða, sje sektin

eigi greidd í tæka tíð, sæti einföldu fangelsi í 8 daga. Þorsteinn Magnússon og Þorsteinn Jónsson greiði 20 kr. sekt í landssjóð eða sæti til vara 6 daga einföldu fangelsi. Jón Einarsson á Miðbælisbökkum og Eyjólfur Hafliðason greiði hvör í landssjóð 10 kr. sekt eða sæti til vara 3 daga einföldu fangelsi. Sigurður Ólafsson, Margrjet Ögmundsdóttir og Sveinn Sveinsson greiði í landssjóð 5 kr. sekt eða sæti til vara 2 daga einföldu fangelsi. Hinir ákærðu Jón Stefánsson, Ólafur Eiríksson og Sigurður Jónsson eiga að vera sýknir af ákæru sækjanda í málinu, en taki þó þátt í málskostnargreiðslu sem síðar segir. Um málskostnað í hjerði á undirrettardómurinn að vera óraskaður, og ber öllum hinum ákærðu að greiða einnig eptir sama hlutfalli og á sama hátt og þar er ákvedið allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Hannesar Thorsteinson og Eggerts Briem, 25 kr. til hvors þeirra.

Ídæmdar sektir ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja undir aðför að lögum.